



Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara
Sigurjón Mýrdal formaður
Sólrún Harðardóttir starfsmaður
Námsmatsstofnun
Vikurhvarfi 3
203 Kópavogi

Akureyri, 25. ágúst 2015

Efni: Hlutverk, ábyrgð og skyldur Háskólans á Akureyri (kennaradeildar, miðstöðvar skólaþróunar, Kennslumiðstöðvar og Símenntunar) til símenntunar og starfsþróunar kennara og skólastjórnenda

Stefna hvað varðar símenntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda:

Í stefnu Háskólans á Akureyri (HA) 2012–2017¹ kemur fram að stefnt sé að því að HA sé virtur og viðurkenndur sem miðstöð kennslu, rannsókna, nýsköpunar og þróunar og leitist við að tengja starf sitt við samfélagið og stofnanir þess, bæði nær og fjær. Stefnt er að því að þjálfa og styðja kennara til aukinnar færni í kennslufræði, kennslutækni og gerð námsefnis, sérstaklega m.t.t. blandaðs og sveigjanlegs náms í virkri samvinnu við innlenda og erlenda sérfræðinga. Einnig að efla samstarf við símenntunarmiðstöðvar og háskólasetur landsins.

Til að efla samfélagslega ábyrgð sína vinnur HA að því að auka samstarf og samskipti við önnur skólastig og koma árangri og afrakstri rannsókna, nýsköpunar og þróunarstarfs á framfæri við samfélagið.

Innan hug- og félagsvísindasviðs HA eru kennaradeild og miðstöð skólaþróunar (MSHA) sjálfstæðar einingar. Kennaradeildin heldur úti grunnnámi, meistaranámi í kennarafræði og rannsóknartengdu meistaranámi og hefur nýlega sótt um heimild til þess að bjóða upp á doktorsnám. Kennaradeild tekur við kennaranemum sem mennta sig til starfa í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Hlutverk MSHA er að vera gagnkvæmur farvegur þekkingar út til starfandi kennara í skólum landsins og frá þeim inn í háskólann. Viðfangsefni miðstöðvar skólaþróunar lýtur að hvers konar þróunar- og umbótastarfi á öllum skólastigum. Hún annast ráðgjöf og fræðslu til kennara, stjórnenda skóla og annars fagfólks er starfar að fræðslumálum. Ásamt kennaradeild hefur hún forgöngu um að kynna nýjungar á sviði skóla- og kennslumála, stendur fyrir rannsóknum á skólastarfi og heldur ráðstefnur. Sérfræðingar MSHA og kennarar kennaradeildar koma í sameiningu að mörgum verkefnum, við námskeiðshald og í rannsóknum.

Við HA er auk þess starfandi nýleg kennslumiðstöð sem býður upp á stuðning við háskólakennara í starfi, kennslufræði og kennslutæknilega þætti, ekki síst til að þróa

¹ http://www.unak.is/static/files/Stjornsysla_stefnumal/HA_Stefna2012-2017_www.pdf



fjarkennslu. Ætlunin er að kennslumiðstöðin bjóði einnig upp á kennslufræðilegan stuðning, einkum í upplýsingatækni, í grunn- og framhaldsskólum.

Miðstöð skólaþróunar annast umsýslu samnings Háskólans á Akureyri við Akureyrarbæ um sérfræðipjónustu við skóla bæjarfélagsins (*Reglur um stjórnskipulag hug- og félagsvísindasviðs HA, nr. 416/2012, 6. gr.*).

Í rannsóknarstefnu kennaradeildar HA 2013–2018² (samþykkt á deildarfundi kennaradeildar 22. maí 2013) eru sett markmið um að efla og auka samstarf kennaradeildar og miðstöðvar skólaþróunar um rannsóknir; að beina rannsóknnum og þróunarverkefnum í starfsþróunarskóla sem kennaradeild hefur samning við; og að efla samstarf við aðrar menntastofnanir, einkum leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, um rannsóknir og þróun.

Í skólasýn kennaradeildar³ er lögð áhersla á að kennarar öðlist mikilvægan hluta af faglegum þroska sínum í starfi. Þess vegna leggur deildin metnað sinn í að mennta kennara sem hafa þekkingu, færni og vilja til að veita forystu og axla ábyrgð við að efla skóla sem menntasamfélag þar sem allir geta þroskast í starfi, lært hver af öðrum og hver með öðrum.

Skipulag starfsþróunar:

HA býður starfandi kennurum innritun í formlegt nám, til að ljúka heildstæðum námsleiðum eða taka stök námskeið og hafa margir nýtt sér það.

Skipulagt hefur verið skýrt ferli þar sem gerður er formlegur samningur við skóla sem taka að sér að annast vettvangsnám og æfingakennslu.⁴ Þeir skólar eru kallaðir starfsþróunarskólar og eru staðsettir víða um land.⁵ Starfsþróunarskóli fær fullan afnotarétt af bókasafni HA með sama hætti og kennarar HA og samningurinn opnar kennurum sem taka að sér vettvangsnám leið í námskeið kennaradeildar án endurgjalds (5. gr. í samningi við starfsþróunarskóla). Það hafa nokkrir kennarar nýtt sér og m.a. tengt við endurmenntunaráætlanir skóla sinna. Samningurinn gefur háskólakennurum einnig færi á að óska eftir skólaþróunar- og/eða rannsóknarsamstarfi í starfsþróunarskólunum og skal slík aðkoma römmuð af með sérstökum samningi.

Verkefnisstjóri vettvangsnáms og æfingakennslu við kennaradeild HA er tengiliður við starfsþróunarskóla og boðar til samráðsfundar með skólastjóra til undirbúnings kennslunni. Á fundinum er gerð grein fyrir tilgangi og markmiðum vettvangsnáms og æfingakennslu, hlutverki starfsþróunarskóla, námsmati og þeim stuðningi sem starfsþróunarskóli getur fengið (2. gr. í samningi við starfsþróunarskóla).

Kennarar í kennaradeild geta leitað eftir samstarfi við kennara starfsþróunarskólans um stundakennslu í námskeiðum sínum. Þá geta kennarar í kennaradeild fengið heimild starfsþróunarskólans til að annast kennslu ásamt nemum sínum í einum eða fleiri bekkjum um skamman tíma sem lið í fræðslu eða rannsóknnum.

² [file:///C:/Users/ge/Downloads/-FS1StaffhkJDesktoprannsóknarstefna_kdeild%20\(1\).pdf](file:///C:/Users/ge/Downloads/-FS1StaffhkJDesktoprannsóknarstefna_kdeild%20(1).pdf)

³ <http://www.unak.is/hugogfelagsvísindasvið/kennaradeild/syn-kennaradeildar>

⁴ <http://www.unak.is/static/files/Kennaradeild/Samningar/samningur-vid-starfsthrounarskola-2013.pdf>

⁵ <http://www.unak.is/hugogfelagsvísindasvið/kennaradeild/vettvangsnam/starfsthrounarskolar>



Slíkt skal þó aðeins gert með sérstöku samkomulagi í hvert sinn þar sem nánar skal tilgreina markmið og fyrirkomulag kennslunnar, tengsl við aðalnámskrá og tímaramma. Starfsþróunarskóli leitar samþykkis skólaráðs í grunnskóla og foreldraráðs í leikskóla (6. gr. í samningi við starfsþróunarskóla).

Í rannsóknarstefnu kennaradeildar eru sett fram markmið um að efla og auka samstarf kennaradeildar og miðstöðvar skólaþróunar um rannsóknir, að beina rannsóknum og þróunarverkefnum í starfsþróunarskóla sem kennaradeild hefur samning við og að efla samstarf við aðrar menntastofnanir, einkum leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Miðstöð skólaþróunar annast sérfræðiþjónustu fyrir Akureyrarbæ fyrir hönd Háskólans á Akureyri á grundvelli 21.–23. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og 40. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Miðstöðin sinnir auk þessu verkefnum fyrir önnur sveitarfélög og skóla á öllum skólastigum um allt land. Í endurskoðuðum rammasamningi við Akureyrarbæ (2015) kemur meðal annars fram að samningsaðilar hafi sameiginlega hagsmuni af því að bæta nám og kennslu nemenda í leik- og grunnskóla og efla rannsóknir í uppeldis- og kennslufræði og kennslugreinum grunnskóla. Jafnframt að efla menntun kennara og stuðla að auknum gæðum með þróun skólustarfs. Samhliða því að skólar geti óskað eftir þjónustu við miðstöð skólaþróunar er miðstöðinni ætlað að hafa forystu um mótun skólaþróunarverkefna og vinna að framkvæmd þeirra. Markmið starfsins er að stuðla að framsæknu skólasamfélagi í bæjarfélaginu í samræmi við skólastefnu þess. Lögð er áhersla á að unnið sé náið með skólastjórum og kennurum að nýbreytni í skólustarfi með áherslu á vinnubrögð og kennsluhætti sem koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og byggi upp starfsvettvang sem einkennir lærdómssamfélag.

Í starfi miðstöðvar skólaþróunar er lögð áhersla á fræðslu, eftirfylgd verkefna, vettvangsathuganir, samræðu, samvinnu og ígrundun í samstarfi við kennara á vettvangi. Unnið er eftir framkvæmdar- og þróunaráætlunum þar sem gert er ráð fyrir mati á starfinu. Verkefnin eru yfirleitt til lengri tíma, þ.e. eins eða tveggja vetra löng og miðast við starfsmannahópa með það að markmiði að efla starfsemi skólanna í heild sinni, stuðla að viðvarandi breytingum og þróun. Höfðað er til skuldbindinga þátttakenda um að þróast í starfi til að bæta skólustarf og auka nám.

Stefna okkar í HA er að reyna að opna fyrir starfsþróunarsamninga við fleiri skóla, fræðslu og ráðgjöf, með áherslu á starfsþróun, þróunaráætlanir og starfendarannsóknir auk hefðbundinna námsleiða.

Símenntun HA sinnir fræðslu fyrir háskólakennara en einnig leik-, grunn- og framhaldsskólakennara – yfirleitt í formi styttri námskeiða.

Ólíkar aðstæður skóla og ólíkar aðstæður kennara eftir búsetu:

Til að koma til móts við ólíkar aðstæður nemenda, vettvangskennara og þátttakendur í þróunarstarfi um allt land býður HA fjarkennslu, fjarfundi, lotunám og skype fundi. HA hvetur skóla og skólasamfélög um allt land til samstarfs um þróunarverkefni og þróunarstarf.



Stjórn málefna starfsþróunar og stefnumótunar innan HA: Stjórn málefna starfsþróunar er í höndum forstöðumanna kennaradeildar, miðstöðvar skólaþróunar og Símenntunar Háskólans á Akureyri í samráði við nefndir, kennara, sérfræðinga og verkefnisstjóra.

Mismunandi hópar kennara (námsgreinar og skólastig):

Háskólinn á Akureyri menntar kennara til starfa á þremur skólastigum. Frumkvæði að símenntun og starfsþróun kemur ýmist frá HA og einstökum skólum/kennurum/skólaumdæmum. Þannig bregst MSHA við fyrirspurnum og óskum frá skólum um stuðning við uppbyggingu og þróun skólustarfs en hefur einnig frumkvæði að þróun starfs og verkefna með skólum og kennurum.

Innihald og form starfsþróunar; á hvað ber að leggja áherslu?

Í öllu þróunarstarfi er mikilvægt að leggja áherslu á að greina stöðuna hverju sinni, taka ákvörðun um hvað þurfi að þróa og hvernig og síðan að meta árangurinn til að taka ákvörðun um næstu skref við frekari þróun og sjálfbærni. Mikilvægt er að hafa heildarsýn á þróunarstarf, gera framkvæmdaáætlanir og aðgerðaáætlanir til að vinna eftir. Samningar um stærri verkefni og þjónusta við þá samninga hvetur til skuldbindingar og skapandi hugsunar.

Samstarf við aðra hagsmunaaðila:

Háskólinn á Akureyri á gott samstarf við ýmsa aðila, s.s. fræðsluumdæmi, símenntunarstofnanir, skóla og félög innan KÍ, menntavísindasvið HÍ, mennta- og menningarmálaráðuneyti og Menntamálastofnun. Stefna Háskólans á Akureyri er að efla sem mest samstarf við þá aðila sem vinna að rannsóknum og starfsþróun í íslensku skólasamfélagi.

Fjármál:

Grunnnám og framhaldsnám er fjármagnað með framlögum sem ákveðin eru í fjárlögum. Sveitarfélög og skólar greiða fyrir starfsþróun í tengslum við samninga. Kostnaður við verkefni er yfirleitt greiddur af skólum eða sveitarfélögum en ekki einstaklingum.

Virðingarfyllst,

Birna M. Svanbjörnsdóttir
Forstöðumaður miðstöðvar skólaþróunar

Bragi Guðmundsson
Formaður kennaradeildar